

## Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

Ár 2020, fimmtudaginn 13. febrúar var haldinn 14. fundur, mannréttinda-, nýsköpunar-, og lýðræðisráðs. Fundurinn var haldinn í Tjarnarbúð og hófst kl.13.00. Fundinn sátu Dóra Björt Guðjónsdóttir, Diljá Ámundadóttir, Daníel Örn Arnarsson, Kolbrún Baldursdóttir, Skúli Helgason, Sigríður Arndís Jóhannsdóttir og Þór Elís Pálsson. Einnig sátu fundinn Halldóra Gunnarsdóttir, Óskar J. Sandholt og Elísabet Pétursdóttir sem var fundarritari.

### Þetta gerðist:

1. Lagðar fram fundargerðir aðgengis og samráðsnefndar fatlaðs fólks í Reykjavík frá 16. janúar 2020, fjölmenningsráðs, ofbeldisvarnarnefndar og öldungaráðs frá 20. janúar 2020.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun undir lið. 3 og lið 6. í fundargerð öldungaráðs frá 20. janúar:

Það sem borgarfulltrúi var að leggja til hér er að samþykktir borgarinnar sem fjalla um eldri borgara og regluverk verði lesnar með fordómaglæraugum. Með því að rýna í textana er hægt að sjá hvort og þá hvernig orðalag er gildishlaðið. Borgin er fyrirmynd og þetta varðar hvernig skrifað og talað er um hlutina. Flokkur fólksins hefur séð bækling sem borgin lætur liggja frammi í félagsmiðstöð aldraðra sem var mjög gildishlaðin. Í svari um málið var sagt að ekki ætti að endurútgefa hann. Flokkur fólksins vill að gerð verði könnun meðal eldri borgara og þeir spurðir hvað þeim finnst um samþykktir/reglur. Finnst þeim þau skynja, upplifa eða verða fyrir fordómum?

Borgarfulltrúi Flokks fólksins fagnar skýrslu um heimilisofbeldi og aldraða og vill í því sambandi nefna einelti meðal eldri borgara. Borgarfulltrúa hafa borist fregnir frá fólki sem segja frá reynslu af því tagi. Nauðsynlegt er að ákveðnar siðareglur gildi fyrir notendur félagsmiðstöðva. Á þetta við um að baktal og rógur sé ekki liðinn. Viðbrögð í samræmi við stefnu og verklag borgarinnar sem samþykkt var í mars í fyrra þarf að vera á öllum stöðum. Þeir sem vinna með eldri borgurum eða umgangast þá frá degi til dags þurfa að vera meðvitaðir um að einelti er vandi sem getur skotið upp kollinum án tillits til t.d. aldurs.

2. Lögð fram greinagerð vegna styrkveitingar mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs til verkefnisins Investigating the Past, Evaluating the Present and Planning for Future.
3. Lagt fram bréf frá stýrihóp um mótun stefnu Reykjavíkurborgar í nýsköpun og snjallborgarmálum dags. 22. ágúst 2019, með beiðni um skilafrest til apríl 2020. Samþykkt.
4. Lagt fram erindisbréf starfshóps þjónustu- og nýsköpunarsviðs um kynjaða starfs- og fjárhagsáætlun.
5. Fram fer kynning á niðurstöðum greiningar Capacent á rekstri Upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkurborgar. Trúnaðarmál.

Bókanir undir þessum lið eru færðar í trúnaðarbók mannréttinda- nýsköpunar- og lýðræðisráðs.

Kjartan Kjartansson og Friðþjófur Bergmann taka sæti á fundinum undir þessum lið.

6. Fram fer kynning á Workplace - nýr eigandi og næstu skref í innleiðingarferli.

Þröstur Sigurðsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

7. Fram fer kynning á nýjum skólavef grunnskólanna.

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs leggur fram svohljóðandi bókun:

Mannréttinda- nýsköpunar og lýðræðisráð þakkar góða kynningu á uppsetningu á nýjum vefjum grunnskólanna í Reykjavík. Við fögnum því að nú eru allir skólar með sama útlit og þ.a.l sama aðgengi að upplýsingum sem varða starfsemi í skólunum. Vert er að taka það sérstaklega fram að foreldrar geta nú auðveldlega samræmt dagatal skóla barna sinna við sitt eigið dagatal. Í ljósi umræðunnar s.l. daga um langa lista af viðburðum og fleira tilfallandi úr lífi barna ætti þessi tæknilausn að koma að góðum notum.

Kolbrún Kristín Karlsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

8. Fram fer kynning á Hlöðunni, innleiðing á nýju skjalakerfi Reykjavíkurborgar.

Fulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Innleiðing nýs upplýsingastjórnunarkerfis Reykjavíkurborgar, sem fengið hefur heitið Hlaðan, er hafin. Um er að ræða gríðarstórt og umfangsmikið verkefni, eina stærstu hugbúnaðarinnleiðingu sem borgin hefur ráðist í. Tryggt hefur verið fjármagn í markvissa innleiðingu. Hlaðan mun skipta sköpum þegar kemur að gagnsæi, gagnastjórnun og skjalavistun sem mun nútímavæða borgina og auka verulega aðgengi allra að upplýsingum um það sem gerist hjá borginni. Í þessu felast einnig fjölmörg tækifæri þegar kemur að hagnýtingu gagna og markvissari notkun gagna og upplýsinga við alla ákvarðanatöku og stefnumótun.

Óli Páll Geirsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

9. Fram fer kynning á stöðu fatlaðara barna í íþróttastarfi.

Fulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Sósíalístaflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu hefur verið falin úttekt á jafnrétti í íþróttum í takt við þá úttekt sem hefur verið gerð reglulega undanfarin ár. Lögð er rík áherslu á að úttektin taki mið af jafnrétti í víðum skilningi. Það verður áhugavert að fá niðurstöður þeirrar úttektar og vinna næstu skref til að auka aðgengi allra að íþróttum í borginni. Frístundakortið er dýrmætt tæki til að auðvelda aðgengi barna að frístundum og það er brýnt að nýta þá fjármuni til að nálgast þá hópa sem síður taka þátt í íþróttum, listnámi og öðru skipulögðu frístundastarfi.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins fagnar því að staða fatlaðra barna sé rædd í mannréttinda, nýsköpunar og lýðræðisráðið og þakkar kynninguna á stöðu fatlaðra barna í íþróttastarfi. Það er eins með íþróttir og allt annað sem býðst í lífinu að þær eiga að vera fyrir alla. Allar íþróttir fyrir alla og síðan velur fólk það sem það hentar þeim. Ekki allar íþróttir standa þó fötluðum börnum á höfuðborgarsvæðinu til boða og við það er auðvitað ekki búið. Flokki fólksins finnst að þær íþróttir sem standa fötluðum börnum til boða, líkamlega, vitsmunalega eða hvorutveggja séu ekki nógu sýnilegar í Reykjavík. Einnig veltir Flokkur fólksins fyrir sér hvernig upplýsingamálum er háttað í þessum efnum. Er t.d. til bæklingur þar sem fram koma upplýsingar um íþróttir fyrir fatlaða og eru upplýsingar vel aðgengilegar á netinu? Það er mikilvægt að borgin og ÍTR hafi þétt samband við íþróttafélög sem ætluð eru fötluðu fólki. Þar er mikil þekking og reynsla sem borgaryfirvöld/ÍTR geta tileinkað er. Þetta er allt spurning um samtal, tengingar, miðlun og tengsl. Samtal og upplýsingar kosta ekkert. Fulltrúa Flokks fólksins finnst að mannréttinda, nýsköpunar og lýðræðisráðið eigi að svara kalli íþróttamanna um að koma á tengslum og samtölum og vinna að því að ná í frekara fjármagn fyrir málaflökkinn þar sem það sárlega vantar.

Arna Sigríður Albertsdóttir og Ingi Þór Einarsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

10. Fram fer kynning á niðurstöðum Rannsóknar og greiningar á líðan og högum barna og ungmenna og þátttöku barna af erlendum uppruna í íþróttastarfi.

Fulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Sósíalístaflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu hefur verið falin úttekt á jafnrétti í íþróttum í takt við þá úttekt sem hefur verið gerð reglulega undanfarin ár. Lögð er rík áherslu á að úttektin taki mið af jafnrétti í víðum skilningi. Það verður áhugavert að fá niðurstöður þeirrar úttektar og vinna næstu skref til að auka aðgengi allra að íþróttum í borginni. Frístundakortið er dýrmætt tæki til að auðvelda aðgengi barna að frístundum og það er brýnt að nýta þá fjármuni til að nálgast þá hópa sem síður taka þátt í íþróttum, listnámi og öðru skipulögðu frístundastarfi.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar grein 9.3.1 segir „Allt uppeldis-, fræðslu-, tómsunda- og menningarstarf á vegum borgarinnar tekur mið af þörfum barna af erlendum uppruna. Flokki fólksins finnst þetta ekki vera rétt og vill í þessu sambandi vísa í stöðuna hjá Leikni sem er lítið íþróttafélag með eina deild í hverfi 111. Í þessu hverfi er lang hæsta hlutfall fjölskyldna af erlendum uppruna og hæsta hlutfall fjölskyldna á fjárhagsaðstoð. Félagið berst nú í bökum við að halda æfingagjöldum lágum sem eru þau lægstu sem finnast í borginni. Ein af ástæðum fyrir því að fjölgun iðkenda er ekki mikil er að Frístundakortið nýtist illa í hverfi 111. Efnaminni foreldrar hafa neyðst til að nota Frístundarkortið til að t.d. greiða frístundaheimili, tungumálakennslu auk þess sem það er sett sem skilyrði fyrir að sækja um fjárhagsaðstoð, skuldaskjól og afskriftir skulda. Börn þessara foreldra, en 35% af íbúum eru af erlendu bergi brotin hafa því ekki sömu tækifæri og önnur börn til íþróttaiðkunar. Minnt er á upphaflegan tilgang Kortsins sem var að auka jöfnuð en nú hafa reglurnar verið afbakaðar þannig að fátækir foreldrar eru tilneyddir til að nota Kortið sem gjaldmiðil í nauðsynjar. Hér er verið að brjóta á börnum, gefa þeim tækifæri með hægri hendi en hrifsa það til baka með þeirri vinstri.

Margrét Lilja Guðmundsdóttir og Jón Sigfússon taka sæti á fundinum undir þessum lið.

11. Fram fer umræða um jafnrétti barna og unglinga í íþróttum – Ráðstefna íþróttabandalags Reykjavíkur sem fram fór 23. janúar 2020.

Fulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Sósíalístaflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu hefur verið falin úttekt á jafnrétti í íþróttum í takt við þá úttekt sem hefur verið gerð reglulega undanfarin ár. Lögð er rík áherslu á að úttektin taki mið af jafnrétti í víðum skilningi. Það verður áhugavert að fá niðurstöður þeirrar úttektar og vinna næstu skref til að auka aðgengi allra að íþróttum í borginni. Frístundakortið er dýrmætt tæki til að auðvelda aðgengi barna að frístundum og það er brýnt að nýta þá fjármuni til að nálgast þá hópa sem síður taka þátt í íþróttum, listnámi og öðru skipulögðu frístundastarfi.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar grein 9.3.1 segir „Allt uppeldis-, fræðslu-, tómsunda- og menningarstarf á vegum borgarinnar tekur mið af þörfum barna af erlendum uppruna. Flokki fólksins finnst þetta ekki vera rétt og vill í þessu sambandi vísa í stöðuna hjá Leikni sem er lítið íþróttafélag með eina deild í hverfi 111. Í þessu hverfi er

lang hæsta hlutfall fjölskyldna af erlendum uppruna og hæsta hlutfall fjölskyldna á fjárhagsaðstoð. Félagið berst nú í bökum við að halda æfingagjöldum lágum sem eru þau lægstu sem finnast í borginni. Ein af ástæðum fyrir því að fjölgun iðkenda er ekki mikil er að Frístundakortið nýtist illa í hverfi 111. Efnaminni foreldrar hafa neyðst til að nota Frístundarkortið til að t.d. greiða frístundaheimili, tungumálakennslu auk þess sem það er sett sem skilyrði fyrir að sækja um fjárhagsaðstoð, skuldaskjól og afskriftir skulda. Börn þessara foreldra, en 35% af íbúum eru af erlendu bergi brotin hafa því ekki sömu tækifæri og önnur börn til íþróttaiðkunar. Minnt er á upphaflegan tilgang Kortsins sem var að auka jöfnuð en nú hafa reglurnar verið afbakaðar þannig að fátækir foreldrar eru tilneyddir til að nota Kortið sem gjaldmiðil í nauðsynjar. Hér er verið að brjóta á börnum, gefa þeim tækifæri með hægri hendi en hrifsa það til baka með þeirri vinstri.

12. Lögð fram til afgreiðslu styrkumsókn um upplýsinga aðgengisapp frá 12. desember 2019. Frestað.
13. Fram fer umræða um kostnaðargreiningu fjármála- og áhættustýringarsviðs dags. 24. janúar 2020, um tillögur í skýrslu um endurskipulagningu lýðræðisverkefna Reykjavíkurborgar.
14. Fram fer umræða um drög að dagskrá vegna kynnisferðar ráðsins til Portúgal 30. mars - 3. apríl 2020.
15. Lagt fram minnisblað mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu dags. 7. febrúar 2020 um úttekt á klefa- og salernisaðstæðum í húsnæði sem Reykjavíkurborg veitir þjónustu. Frestað.
16. Lögð fram drög að umsögn Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Sósíalistaflokks og mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu um Íþróttastefnu Reykjavíkurborgar.

Samþykkt að fela mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu að klára umsögn.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar grein 9.3.1 segir „Allt uppeldis-, fræðslu-, tómstunda- og menningarstarf á vegum borgarinnar tekur mið af þörfum barna af erlendum uppruna. Flokki fólksins finnst þetta ekki vera rétt og vill í þessu sambandi vísa í stöðuna hjá Leikni sem er lítið íþróttafélag með eina deild í hverfi 111. Í þessu hverfi er lang hæsta hlutfall fjölskyldna af erlendum uppruna og hæsta hlutfall fjölskyldna á fjárhagsaðstoð. Félagið berst nú í bökum við að halda æfingagjöldum lágum sem eru þau lægstu sem finnast í borginni. Ein af ástæðum fyrir því að fjölgun iðkenda er ekki mikil er að Frístundakortið nýtist illa í hverfi 111. Efnaminni foreldrar hafa neyðst til að nota Frístundarkortið til að t.d. greiða frístundaheimili, tungumálakennslu auk þess sem það er sett sem skilyrði fyrir að sækja um fjárhagsaðstoð, skuldaskjól og afskriftir skulda. Börn þessara foreldra, en 35% af íbúum eru af erlendu bergi brotin hafa því ekki sömu tækifæri og önnur börn til íþróttaiðkunar. Minnt er á upphaflegan tilgang Kortsins sem var að auka jöfnuð en nú hafa reglurnar verið afbakaðar þannig að fátækir foreldrar eru tilneyddir til að nota Kortið sem gjaldmiðil í nauðsynjar. Hér er verið að brjóta á börnum, gefa þeim tækifæri með hægri hendi en hrifsa það til baka með þeirri vinstri.

17. Lögð fram fyrirspurn Flokks fólksins frá 9. janúar 2020 um göngugötur. Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagsviðs.
18. Lögð fram fyrirspurn Flokks fólksins frá 9. janúar 2020 um fundargerð ofbeldisvarnarnefndar 16. desember. Til afgreiðslu. Vísað til umsagnar velferðarsviðs.
19. Lögð fram svohljóðandi ályktunartillaga Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Sósíalistaflokks:

Samkvæmt mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar eiga allar manneskjur að njóta mannréttinda án tillits til kynhneigðar, uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, lífs-, stjórnmalaskoðana, trúleysis, kyns, kynvitundar, kyntjáningar, kyneinkenna, aldurs, fötlunar, holdafars, líkamsgerðar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu. Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð ítrekar mikilvægi þess að íbúar njóti þjónustu borgarinnar án þess að eiga hættu á fordómum og mismunun. Það er andstætt mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og óásættanlegt að starfsfólk borgarinnar beri fordómafull skilaboð til gesta sundlauga eins og átti sé stað í Grafarvogslaug í febrúar 2020. Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð lítur svo á að tækifæri sé til að bæta þjónustu borgarinnar í takti við mannréttindastefnuna og hvetur menningar-, íþrótt- og tómsundaráð til að bregðast skjótt við.

Samþykkt. Flokkur fólksins situr hjá við afgreiðslu.

- Kl. 15.59 v. Daníel Örn Arnarsson af fundinum.

20. Lögð fram svohljóðandi tillaga Flokks fólksins um að gerðar verði breytingar á fyrirhuguðu deiliskipulagi við Laugaveg og nærliggjandi götur til að tryggja mannréttindi fatlaðs fólks:

Flokkur fólksins leggur til að Laugavegur, Skólavörðu- og Vegamótastígur sem stendur til að gera að varanlegum göngu götum verði breytt í vistgötur sem opnar fyrir þann möguleika að bæði hreyfihamlaðir og eldri borgarar sem erfitt eiga með hreyfingu fái tækifæri til að njóta gatnanna og sækja sér þá þjónusta sem þar er í boði án vandkvæða. Fyrirkomulagið væri þannig að gangandi vegfarendur hafa allan forgang, en samt er leyfður akstur á hraða þeirra gangandi. Fá ökutæki munu sækja inn á slíkar götur nema ef nauðsyn krefur. Reyndin þar sem slíkt fyrirkomulag hefur verið viðhaft, er að fá ökutæki fara um göturnar. Það eru skýr mannréttindi fatlaðs fólks og aldraðrar að hafa jafnan rétt til aðgengis á við aðra. Í 9. gr. samþykktum Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks á aðgengi segir: Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir í því skyni að gera fötluðu fólki kleift að lifa sjálfstæðu lífi og taka fullan þátt í mannlífinu á öllum sviðum, þ.e. ráðstafanir sem miða að því að tryggja fötluðu fólki aðgang, til jafns við aðra, að hinu efnislega umhverfi, að samgöngum. Á Alþingi voru samþykkt ný umferðalög sem kveða á um það sama og til stendur að gera samþykktir SP að lögum þann 13. desember n.k.

Frestað.

21. Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn um stöðu fatlaðra barna í íþróttastarfi:

Þegar fjallað er um stöðu fatlaðra barna í íþróttastarfi er almennt talið mikilvægt að þjálfarar fái aðstoð við að taka á móti einstaklingum með sérþarfir/fatlanir. Hver ber kostnaðinn af slíkri aðstoð? Hyggst mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð að bregðast við þessu ákalli, að hjálpa til við tengingar og úthluta auknu fjármagni til málaflokksins?

Frestað.

22. Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn um aðgengi fatlaðra að íþróttamannvirkjum á vegum borgarinnar:

Hvernig er aðgengi fyrir fatlaða í íþróttasölum/aðstæðum sem ætlaðar eru fyrir íþróttaiðkun sem rekin eru af borginni? Hér er átt við aðgengi að byggingum, aðgengi inn í byggingar og aðgengi innan bygginganna/svæðisins. Óskað er yfirlits og upplýsinga um hvar þessir hlutir eru í lagi og hvar þeim er ábótavant.

Vísað til umsagnar íþrótt- og tómsundasviðs.

- Kl. 16. 09 vikur Sigríður Arndís Jóhannsdóttir og Diljá Ámundadóttir af fundi.

23. Fulltrúi Flokksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn varðandi innleiðingu samþykktar Sameinuðu þjóðanna með tilliti til aðgengis fatlaðra á allri þjónustu sem veitt er í borginni:

Ísland er aðili að samþykktum Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og ber því að framfylgja þeim samþykktum, enda stendur til að Alþingi geri samþykktirnar að lögum þann 13. desember n.k. Ljóst er að margt í þessum samþykktum snýr beint að sveitarfélögum í landinu og því nauðsynlegt að þau framfylgi undirrituðum samþykktum og geri viðeigandi ráðstafanir varðandi alla liði samþykktarinnar. Það hvílir því á Mannréttinda- nýsköpunar og lýðræðisráði að fylgjast grannt með að samþykktunum sé fylgt eftir á öllum sviðum borgarinnar. Er mannréttindaráð og mannréttindastofa tilbúin að skoðað til hlítar það deiliskipulag meirihlutans að gera Laugaveg, Skólavörðu- og Vegamótastíg að varanlegum göngugötum með tilliti til samþykktar Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra? Deiliskipulagið hefur nú þegar verið lagt fram í Skipulags- og samgönguráði og samþykkt 5. febrúar síðast liðinn. Í deiliskipulaginu er aðeins gert ráð fyrir að stæði verið fyrir fatlað fólk í þvergötum sem allar eru í halla sem reynist fólki í hjólastól erfitt. Hreyfihamlaðir þurfa því að ganga talsverða vegalengdir til þjónustuaðila, en margir hverjir eiga erfitt með gang.

Frestað.

24. Fulltrúi Flokksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn um biðlista í námskeið fyrir börn og foreldra á vegum Keðjunnar/Þjónustumiðstöðvar.

Í framhaldi af tillögu Flokks fólksins um úrræði fyrir foreldra barna sem sýna árásargirni og ofbeldi vill Flokkur fólksins setja fram nokkrar fyrirspurnir. Tillögunni var hafnað af Ofbeldisvarnarnefnd á fundi 16. desember 2019 á þeim forsendum að verið væri „að setja á fót stofnun um miðlæga þjónustu sem mætti þessari þörf“. Flokkur fólksins vill vekja athygli á löngum biðlista eftir þjónustu við foreldra sem þurfa ráðgjöf verið óheyrulega langur. Foreldrar sem þurfa aðstoð við uppeldis barna sinna eiga aldrei að þurfa að bíða. Námskeið í PMTO er það sem hjálpar foreldrum hvað mest en margir hafa þurft að bíða svo vikum skipti. Biðlistarvandinn virðist vera viðvarandi vandi í borginni þegar kemur að börnum. Börn þurfa að bíða í langan tíma, allt að ár eftir margs konar þjónustu. Vitað er til að það er biðlisti einnig í ýmis konar önnur námskeið á vegum þjónustumiðstöðva. Óskað er eftir að fá ítarlega stöðu biðlista sundurliðaðan eftir hverfum í þau námskeið sem þjónustumiðstöðvar bjóða börnum og foreldrum þeirra upp á: 1. PMTO foreldranámskeið. 2. Fjörkálfar. 3. Mér líður eins og ég hugsa – unglingar. 4. Klókir krakkar. 5. Klókir litlir krakkar.

Vísað til umsagnar velferðarsviðs.

### Fundi slitið kl. 16.13

Dóra Björt Guðjónsdóttir

Skúli Helgason  
Þór Elís Pálsson

Kolbrún Baldursdóttir